Shareholder meetings shall be convened electronically to ensure prompt and non-discriminatory access to information. A notification is considered satisfactory if it is sent by e-mail to an e-mail address provided by the shareholder. Annual General Meetings shall be called in the same manner as other shareholders' meetings. An Annual General Meeting shall be called with a minimum advance notice of 14 days, but an additional

minnst 7 daga fyrirvara.

meeting shall be called with a minimum advance notice of days.

7.06

7.06

Viku fyrir hluthafafund (tveimur vikum fyrir aðalfund) hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Löglega frambornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum.

At least a week before a shareholders' meeting (two weeks before the Annual General Meeting), the agenda, final proposals, as well as the annual accounts (and in a group company the consolidated annual accounts), the report of the Board of Directors and the auditor's report, in the case of an Annual General Meeting, shall be presented for the inspection of the shareholders at the office of the Company and simultaneously sent to any registered shareholder who so requests. Matters which are not included in the agenda of a shareholders' meeting shall not be subjected to a final decision except with the consent of all shareholders in the Company; however, a resolution thereon may be passed for the guidance of the Company's Board of Directors. Lawfully submitted addendums and amendments may be presented at the meeting itself.

7.07

7.07

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kys. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmati fundarins samkvæmt samþykktum þessum, þ.á m. ákveða form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Shareholders' meetings are chaired by a chairman elected by the meeting. The chairman shall solve all matters which arise concerning the lawfulness of the meeting and its conduct in accordance with these Articles of Association, including decide the form of discussions, procedures for addressing matters at the meeting and voting.

7.08

7.08

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok, sé þess óskað og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita

The meeting chairman shall have a secretary of the meeting elected who shall keep a record in a Book of Minutes. The decisions of the shareholders' meeting shall be recorded in the Book of Minutes along with the results of votes. A register of shareholders present and proxies shall be entered into the Book of Minutes or be attached thereto. The chairman of the meeting and the secretary shall sign Book of Minutes. No

fundargerðabók. Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins.

later than fourteen days after a shareholders' meeting, the shareholders shall have access to the Book of Minutes or a certified copy of the minutes at the office of the Company.

7.09

7.09

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

At shareholders' meetings each one Icelandic krona of share capital in the Company carries one vote. Plurality of votes decides issues at shareholder's meetings unless otherwise stipulated by Icelandic law or these Articles of Association. Proposals are dismissed if they receive equal votes. If two individuals or more receive an equal amount of votes, in a resolution on their appointment to provide services to the Company, a toss-up decides.

7.10

7.10

Rétt til setu á hluthafafundum hafa auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi og framkvæmdastjóri félagsins. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð verður ekki afturkallað svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.

The right to attend a shareholders' meeting holds every shareholder, their proxies, the Company's auditor and chief executive officer. They shall have unrestricted right to speak and submit motions at the meeting. A shareholder is authorised to attend a meeting along with an advisor. The Board of Directors may also invite experts to attend individual meetings if their opinion or assistance is needed. A proxy attending a shareholders' meeting on behalf of a shareholder shall submit a written and dated letter of proxy. Proxies will not be validly withdrawn vis-à-vis the Company after they have been displayed upon delivery of the meeting documents or after the shareholders' meeting has been opened, depending on which occurs earlier.

7.11

7.11

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins að mati stjórnar örugg og fullnægir kröfum hlutafélagalaga. Ákvörðunar um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt

The Board of Directors may decide to hold a shareholders' meeting exclusively by electronic means, either in full or in part, provided the technology to be used for the meeting is secure, in the Board's estimation, and fulfils the requirements of the Companies Act. A decision to hold

skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað sem hluthafi þarf til þess að geta tekið þátt í fundinum, upplýsingar um hvernig hluthafar tilkynna þátttöku sína, upplýsingar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað.

a shareholders' meeting by electronic means shall be stated in the meeting announcement. This shall also provide information on the necessary technical equipment which shareholders require to participate in the meeting, information as to how shareholders are to give notice of their participation, information as to how voting will take place and where shareholders can obtain instructions on telecommunications equipment.

8. STJÓRN FÉLAGSINS

8. THE BOARD OF DIRECTORS OF THE COMPANY

8.01

8.01

Aðalfundur kýs árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og tvo til vara. Um hæfi þeirra fer að lögum. Varamönnum skal heimilt að sitja stjórnarfundum þar sem þeir hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt, nema þeir sitji fundum í forföllum stjórnarmanna og skal þeim tilkynnt fyrir fram um slík forföll ef unnt er.

At the Annual General Meeting, five members and two alternate members shall be elected to the Board of Directors. The eligibility of members of the Board shall be subject to statutory law. Alternative Board members shall be permitted to attend Board meetings and they shall have the right to speak and propose a motion, but not the right to vote, unless they attend Board meetings in the absence of Board members, and they shall be notified in advance of such absences if possible.

8.02

8.02

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal kjósa formann og ákveða verkaskiptingu að öðru leyti.

At the first meeting of a newly elected Board of Directors a Chairman shall be elected and tasks shall be allocated in other respects.

8.03

8.03

Stjórnarformaður boðar stjórnina til fundar og stýrir fundum. Fundum skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra.

The Chairman of the Board convenes and presides at Board meetings. Meetings shall be held at the discretion of the Chairman. The Chairman shall also convene a meeting of the Board if requested by one member of the Board or the CEO.

8.04

8.04

Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar

The presence of the majority of the Board

meirihluti stjórnarmanna sækir hann. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögmætum fyrirmælum. Stjórnin skal halda gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

members constitutes a quorum. Important decisions, however, may not be made unless all members of the Board have had the opportunity, if possible, of discussing the matter. Issues shall be decided by a majority vote unless otherwise provided in these Articles of Association or provisions of law. Members of the Board shall keep minutes of proceedings at their meetings and confirm such minutes with their signatures.

8.05

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meginskyldustörf hennar eru:

- 1) Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
- 2) Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 3) Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
- 4) Að hafa samstarf við framkvæmdastjóra um ráðningu annarra helstu starfsmanna félagsins.
- 5) Að skera úr ágreiningi, sem upp kynni að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.
- 6) Að ákveða hver eða hverjir skuli skuldbinda félagið.

8.06

Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum bókum og skjölum félagsins.

8.05

The Board of Directors constitutes the supreme authority in the affairs of the Company between shareholders' meetings. The main duties of the Board of Directors are:

- 1) Hire a General Managers, determine his/her salaries and terms of employment, and determine the job description.
- 2) To have constant and thorough supervision of all the Company's operations. Ensure that its organization and activities are always in good condition. In particular, it shall ensure that the accounting and management of the Company's funds is adequately monitored.
- 3) To represent the Company before the courts and the authorities.
- 4) To co-operate with the General Manager(s) on the hiring of other key employees of the Company.
- 5) Resolve disputes that may arise between the General Manager and other employees.
- 6) To determine who shall bind the Company.
- 7) To resolve other issues that it deems necessary at any time.

8.06

Directors shall have access to all books and documents of the Company.

8.07

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið. Mikilvægar ákvarðanir, svo sem kaup og sala fasteigna og sambærilegar fjárfestingar má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið.

8.07

The signature of the majority of the Board of Directors will bind the Company. An important decision, such as sale and purchase of properties and similar investments, may, however, not be made unless all the Directors have been in a position to debate the matter, if possible.

8.08

Stjórn skal skipa félaginu áhættunefnd eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndin skal skipuð að lágmarki þremur einstaklingum. Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að sinna því hlutverki sem undirnefnd stjórnar ber að sinna samkvæmt gildandi lögum og reglum. Nefndin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn.

8.08

The Board shall appoint a Risk Committee for the Company no later than one month after the Company's annual general meeting. The Board shall appoint at least three individuals for membership of the committee. Members shall have the necessary experience and knowledge for the committee's tasks according to applicable laws and rules. The committee shall incorporate procedural rules that shall be confirmed by the Board of Directors

9. FRAMKVÆMDASTJÓRI (FORSTJÓRI)

9. MANAGING DIRECTOR (CEO)

9.01

Framkvæmdastjóri (forstjóri) annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn félagsins, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

9.01

The CEO has charge of the day-to-day operations of the Company, and in this respect he/she shall observe the policy and directions of the Board of Directors. Day-to-day operations do not include measures which are unusual or extraordinary. Such measures may only be made by the CEO pursuant to special authorisation from the Board of Directors of the Company unless it is impossible to wait for the decisions of the Board of Directors without causing a serious disadvantage for the Company's operations. In such cases, the Board of Directors shall be notified of the measures without delay.

9.02

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við

9.02

The CEO shall ensure that the accounts of the Company are kept in accordance

lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

with statutory law and accepted practices and that the handling of the property of the Company is secure. The CEO is required to provide information to the Company's Auditors as considered necessary to discharge their functions.

9.03

9.03

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en hafa skal hann samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf. Hann segir og upp starfsmönnum sem hann hefur ráðið og fjallar um launamál þeirra.

The CEO shall hire employees of the Company, but shall consult with the Board on hiring employees for management positions. The CEO lays off employees of the Company and decides their pay.

9.04

9.04

Framkvæmdastjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir óska.

The CEO shall follow the policy and instructions given by the Board of Directors. He/she shall provide the board members and the Company's auditors with all information regarding operations they wish and that must be provided by law.

10. REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN

10. ACCOUNTS AND AUDITING

10.01

10.01

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og bókhald

The fiscal year of the Company shall be the calendar year. An annual financial statement of the Company shall be prepared each fiscal year in compliance with the provisions of statutory law.

10.02

10.02

Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma til eins árs í senn. Ekki má velja endurskoðanda úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

An auditor or auditing firm shall be elected for a term of at least one year and no longer than 10 years at the Annual General Meeting of the Company. Accountants or inspectors may not be elected from the group of the Company's Directors or personnel.

10.03

10.03

Endurskoðandi skal rannsaka allt reikningshald félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju, og í því

The auditor shall investigate the accounts of the Company in accordance with good auditing practice and in that

sambandi kanna bókhaldsgögn og aðra þætti er varða fjárhagsstöðu og rekstur þess og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum þess og skjölum

context review the Company's accounting data and other factors regarding the Company's business. The auditor shall have access to all the books and documents of the Company for this purpose

11. EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS

11. OWN SHARES OF THE COMPANY

11.01

11.01

Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% (tíu af hundraði). Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem félagið á sjálf. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn.

The Company is authorized to hold up to 10% (ten of hundred) of its own shares. It is not permissible to cast votes for the shares owned by the Company itself. The Company can only acquire own shares with the authorisation from the shareholders' meeting to the Board.

12. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

12. CHANGES OF THE ARTICLES OF ASSOCIATION

12.01

12.01

Samþykktum félagsins má breyta á löglega boðuðum hluthafafundum félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. 2/3 hlutar greiddra atkvæða svo og hluthafar, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

The Articles of Association of the Company may be amended at lawfully convened shareholders' meetings, provided that the notice of the meeting indicates that such amendments are scheduled and outlines the main substance of the amendments. An amendment takes effect only if approved with at least 2/3 of the votes casted and by shareholders controlling at least 2/3 of the shares in the Company represented at the meeting.

12.02

12.02

Ákvæðum samþykktu þessa um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki allra þeirra hluthafa sem sæta eiga réttarskerðingu, sbr. 3. mgr. 94. gr. hlutafélagalaga.

However, the provisions of these Articles of Association regarding the voting rights of shareholders and equality among them cannot be amended except with the consent of all the shareholders who are subject to the curtailment of rights, cf. paragraph 3 of Article 94 of the Act on Public Limited Liability Companies No. 2/1995

13. SLIT Á FÉLAGINU OG SAMRUNI

13. DISSOLUTION OF THE

COMPANY AND MERGER

13.01

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og þarf þá samþykki hluthafa er ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Fundur sá sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. XIII kafla hlutafélagalaga.

13.01

If it is considered appropriate or necessary to dissolve the Company, the approval of shareholders controlling at least 2/3 of the total share capital of the Company is required. Any meeting lawfully approving the dissolution of the Company shall provide directions on the disposal of the Company's assets and the payment of its debts pursuant to Chapter XIII of the Companies Act.

13.02

Um samruna félagsins við önnur félög fer eftir XIV kafla hlutafélagalaga.

13.02

Merger of the Company with other companies is subject to Chapter XIV of the Companies Act.

14. ÖNNUR ÁKVÆÐI

14.01

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

14.01

Where these Articles of Association provide no directions, the provisions of the Companies Act shall apply, as applicable.

14.02

Samþykktir þessar eru á íslensku og á ensku. Komi upp misræmi skal íslenska útgáfan ráða.

14.02

These Articles of Association are written in Icelandic and English. In case of any discrepancies, the Icelandic version shall prevail.

Þannig samþykkt á hluthafafundi félagsins, Reykjavík, 10. desember 2015.
 Þannig breytt á hluthafafundi félagsins, Reykjavík, 4. mars 2016.
 Þannig breytt á hluthafafundi félagsins, Reykjavík, 24. nóvember 2016.
 Þannig breytt á hluthafafundi félagsins, Reykjavík, 8. maí 2017.
 Þannig breytt samkvæmt ákvörðun stjórnar, sbr. grein 4.04 í samþykktum, Reykjavík, 22. ágúst 2017.
 Þannig breytt á hluthafafundi félagsins,

Thus approved at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 10 December 2015.
 Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 4 March 2016.
 Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 24 November 2016.
 Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 8 May 2017.

Reykjavík, 1. mars 2019.	Thus amended according to the decision of the Board of Directors, according to Article 4.04 of the Articles in Reykjavik 22 August 2017.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins, 6. mars 2020.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 1 March 2019.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins, 26. maí 2020.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 6 March 2020.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins, 5. mars 2021.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 26 May 2020.
Þannig breytt á stjórnarfundi félagsins, sbr. grein 3.01, hinn 28. apríl 2022, kl. 12:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 5 March 2021.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins, 28. apríl 2022, kl. 14:00.	Thus amended according to the decision of the Board of Directors, according to Article 3.01 of the Articles, on 28 April 2022, at 12:00 AM.
Þannig breytt á stjórnarfundi félagsins, 28. apríl 2022, kt. 15:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 28 April 2022, at 14:00 PM.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins 7. desember 2022 kl. 11:00.	Thus amended at a Board meeting of the Company in Reykjavik 28 April 2022, at 15:00 PM.
Þannig breytt á stjórnarfundi félagsins, 13. desember 2022, kt. 15:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 7 December 2022, at 11:00 AM.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins 6. febrúar 2023 kl. 15.30.	Thus amended at a Board meeting of the Company in Reykjavik 13 December 2022, at 15:00 PM.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins 25. maí 2023 kl. 10:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 6 February 2023, at 15:30.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins 30. júní 2023 kl. 9:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 25 May 2023, at 10:00.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins 2. október 2023 kl. 12:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 30 June 2023, at 9:00.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins 24. apríl 2024 kl. 15:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 2 October 2023, at 12:00.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins 28. maí 2024 kl. 10:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavik 24 April 2024, at 15:00.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins 1. nóvember 2024 kl. 10:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavík 28 May 2024, at 10:00.
Þannig breytt á hluthafafundi félagsins 11. desember 2024 kl. 9:00.	Thus amended at a shareholder meeting of the Company in Reykjavík 1 November 2024, at 10:00.
	Thus amended at a shareholder meeting



of the Company in Reykjavik 11
December 2024, at 9:00.

Fyrir hönd Fossa fjárfestingarbanka hf. / On behalf of Fossar Investment Bank hf.

Steingrímur A. Finnsson